

KANT OG POPE OG LÍFIÐ Á ÖÐRUM STJÖRNUM

I

Með því allra merkilegasta, sem ritað var á 18. öldinni, er bók Kants, hins mikla þýska heimspekings, sú er hann nefndi *Allgemeine Naturgeschichte und Theorie des Himmels* (1755). Kant kemur þar með hina seinna meir svo frægu kenningu um það, hvernig sólhverfið sé til orðið. Í 3. kafla rits þessa, ræðir Kant um íbúa annarra stjarna, og segir þar, að ef til vill fari sálirnar af einni stjörnu á aðra, til vaxandi fullkornunar. Nálega 200 árum áður hafði Brúnó sagt nokkuð líkt, en Pyþagóras og Platón 2000 árum á undan honum. Má gera ráð fyrir, að það sem hinum mestu spekingum kemur þannig saman um, muni ekki vera eintóm markleysa. Kemst ég þó ekki þannig að orði af því að ég þurfi í þessu efni að styðjast við ágiskanir einar; ég veit, eftir langa rannsókn, að lífið er ekki bundið við einungis þessa einu störmu, sem vér köllum jörð, heldur fer frá stjörnu til stjörnu, þannig að þegar líkaminn deyr á einni stjörnu, þá skapar lífsaflíð sér nýjan líkama á annarri. Og í þessu er fólgið mikið af sannleikanum um það, sem menn kalla Reincarnation, endurlíkaman. Það fer nú að verða stutt þangað til menn taka undir þetta með mér, og mun þá fljótt sjást, að komið er á hina réttu leið.

II

Í þessum áðurnefnda 3. kafla, tilfærir Kant erindi eftir enska skáldið Pope, og er þar í þetta:

Wer die verschiedenen Bewohner von einem jeden Stern erkennt
Dem ist allein, warum die Dinge so sind als wie sie sind vergönnet
Zu fassen und uns zu erklären!

Einungis sá, sem veit um hina ýmiskonar íbúa hvernar stjörnu, getur skilið vegna hvers hlutirnir eru eins og þeir eru, og skýrt það fyrir oss.*

Afarmerkilegur sannleikur er fólgin í þessum orðum skáldsins, því að það getur í rauninni ekki verið til nein heimspeki, sem það nafn eigi skilið, fyrr en menn vita af íbúum annarra stjarna og áhrifum þeirra á oss hér á jörðu.

Því miður veit ég ekki, hvernig áður nefnt erindi eftir Pope er á frummálinu, og ekki heldur í hvaða riti hans það er, en ef til vill veit einhver af lesendum mínum þetta, og væri þá vel gert að láta þess getið.

Hitt hefi ég síður von um, að nokkur geti sagt mér, hvort Pope hefir í ritum Newtons, fundið þessa merkilegu hugsun, sem hann lætur í ljós í erindi þessu. Pope var mjög hrifinn af verki Newtons, eins og marka má af þessum orðum hans:

Nature and Nature's law was hid in night,
God said, let Newton be, and all was light.

Lögmál náttúrunnar voru myrkri hulin. Guð sagði verði Newton, og allt varð ljós. — Og eru það að vísu skálda ýkj-ur, þó að verk Newtons væri mjög ágætt.

Apríl '25.

* Tilfærð vísa *Popes* er þannig á frummálinu í kvæði hans *Essay on Man*:

He who through vast immensity can pierce
See worlds on worlds compose one universe
Observe how system into system runs
What other planets circle other suns
May tell why Heaven has made us as we are.

Útg.